

Guðrún Kvaran:

Rætur og heimildir

1 Inngangur

Þegar Sigfús Blöndal hófst handa, ásamt Björgu konu sinni, við að semja íslenska orðabók með dönskum skýringum á sumardaginn fyrsta árið 1903 hefur hann ekki órað fyrir að verkið tæki þau og samstarfsfólk þeirra 21 ár. Hann hafði gert ráð fyrir mun styttri tíma til þess að semja orðabók yfir samtímamálið og virðist, eftir því sem fram kemur í formála, fyrst og fremst hafa ætlað að leita til útgefinna orðabóka. En hvaða orðabækur hafði hann við að styðjast þegar verkið hófst?

2 Fyrsta lota — orðabækur

Um aldamótin 1900 var ekki um auðugan garð að gresja hvað orðabókaútgáfu snerti. Umfangsmestu verkin, sem gefin höfðu verið út, voru fornálsorðabækur og er þar fyrst að nefna orðabók Johanns Fritznars sem kom út í einu bindi árið 1867 en síðan aukin í þremur bindum á árunum 1883–1896. Sigfús getur þess í formála fyrir orðabókinni, sem skrifaður var 19. júlí 1924 og ég mun oftast vísa til í yfirliti mínu, að sú orðabók hafi komið að litlu gagni þar sem hún nái fyrst og fremst yfir forna málið.

Formáli Sigfúsar er skrifaður í fyrstu persónu en þar sem ég ætla að Björg hafi verið með í ráðum frá upphafi um skipulag og áætlun orðabókarinnar eigna ég þeim báðum þann þátt.

Orðabók Fritznars var þó ekki fyrsta orðabókin yfir forna málið sem gefin hafði verið út. Eldri var orðabók Eiríks Jónssonar, *Oldnordisk ordbog*, sem kom út í Kaupmannahöfn 1863. Þessa orðabók nefnir Sigfús án athugasemda.

Þriðja fornálsorðabókin, sem Blöndal hafði undir höndum, var bók þeirra Richard Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar sem prentuð var í Oxford á árunum 1874–1876. Þessa orðabók telur Sigfús vera langfullkomnustu orðabókina yfir forna málið og þá bestu hvað merkingarskýringar varðar.

Höfundar	Orðabækur	Útgáfa	Útgáfuár
Eiríkur Jónsson	Oldnordisk Ordbog		1863
Johan Fritzner	Ordbog over det norske Sprog		1867
Johan Fritzner	Ordbog over det norske Sprog	2.	1883–1896
Cleasby-Vigfússon	An Icelandic-English Dictionary		1874–1876
Björn Halldórsson	Lexicon Islandico-Latino-Danicum		1814
Jón Þorkelsson	Supplement til islandske Ordbøger	1.	1876
Jón Þorkelsson	Supplement ...	Anden samling	1879
Jón Þorkelsson	Supplement ...	Tredje samling	1890–1894
Jón Þorkelsson	Supplement ...	Fjerde samling	1899
Konráð Gíslason	Dönsk orðabók með ísl. þýðingum		1851
Jónas Jónasson	Ný dönsk orðabók		1896
Geir Zoëga	Íslenzk-ensk orðabók		1904
Geir Zoëga	Íslenzk-ensk orðabók	2.	1922
Sveinbjörn Egilsson	Lexicon poëticum		1860
Sveinbjörn Egilsson	Lexicon poëticum	2.	1913–1916
Jón Ólafsson	Orðabók íslenzkrar tungu		1912–1915

Tafla 1: Orðabækur sem stuðst var við við gerð Blöndalsorðabókar

Þá er næst að nefna orðabók Björns Halldórssonar. Til hennar var safnað í lok 18. aldar en hún var ekki gefin út fyrr en 1814 að höfundi látnum. Skýringamálið var bæði latína og danska. Þessi bók var rækilega nýtt í Blöndalsbók enda telur Sigfús hana hafa verið brautryðjendaverk sem höfundar fornmálsorðabókanna hafi leitað til, einkum um yngra mál. Þess má geta að bæði í orðabók Eiríks og þeirra Cleasbys og Guðbrands er dálítið um orðaforða samtímans einkum þó í hinni síðarnefndu.

Jón Þorkelsson gaf út lítið orðakver árið 1876 sem hann nefndi *Supplement til islandske Ordbøger*. Það átti að fylla upp í göt í orðabók Fritzners annars vegar og þeirra Cleasbys og Guðbrands hins vegar eða gefa betri og fyllri upplýsingar en þar var oft að finna. Nokkrum árum síðar eða 1879 sendi hann frá sér viðbót við þetta kver, *Anden Samling*, en nú sem rúmlega 600 síðna bók. Jón tekur fram í formála að mestur hluti þeirra orða sem tekin séu með í bókina komi ekki fyrir í eldri orðabókum. Hluta þeirra sé þar að finna en þá í annarri merkingu eða í öðrum myndum. Af heimildaskrá sést að enn er Jón fyrst og fremst að bæta fornmálsorðabækur. Þriðja safn Jóns kom út á árunum 1890–1894 og eru nú í heimildaskrá fyrst og fremst rit yfir yngra mál, þ.e. frá því að orðabók Björns Halldórssonar kom út og fram á daga Jóns, og enn eru í fjórða safni viðbætur en það kom út 1899. Af lauslegum samanburði að ráða virðist talsvert hafa verið notast við þriðja safn Jóns í Blöndalsbók. Skýringar eru víða samhljóða og notkunardæmi oft fengin úr sömu heimild og af sömu blaðsíðu. Þetta er þó ekki algilt, oft er skipt um dæmi og alls ekki alltaf til bóta.

Í formálanum getur Sigfús fyrrgreindra bóka en segir að almenningur hafi saknað sárt íslenskrar orðabókar um aldamótin og að viðbætur Jóns Þorkelssonar hafi aðeins bætt að hluta þann skort. Því hafi þau hjón ráðist í orðabókargerð. Þau virðast í upphafi

fyrst og fremst hafa ætlað að safna saman orðaforða úr áður útgefnum orðabókum eins og ég nefndi áðan. Auk þeirra sem þegar eru nefndar notfærðu þau sér dansk-íslenska orðabók Konráðs Gíslasonar frá 1851, *Nýja danska orðabók* Jónasar Jónassonar frá 1896 og *Íslensk-enska orðabók* Geirs Zoëga frá 1904 og síðar aðra útgáfu frá 1922. Orðasafn Jóns Ólafssonar, sem kom út í tveimur bindum á árunum 1912–1915, er nefnt í heimildaskrá og sama er að segja um *Lexicon poëticum* Sveinbjarnar Egilssonar en báðar þessar bækur hafa verið notaðar síðar á ferlinu.

Ekki er minnst á íslensk-latneska orðabók Guðmundar Andrésunar frá 1683 og ekki virðast þau hjón hafa notað *Orðasafn íslenskt og enskt* eftir Jón A. Hjaltalín frá 1883. Hið síðarnefnda er þó næsta gagnlegt hvað orðaforða snertir, lauslega áætlað eru í því milli tíu og ellefu þúsund flettiorð.

3 Önnur lota

Yfirferð yfir orðabækur var lokið árið 1908 og Blöndalsbók tilbúin í fyrsta uppkasti. Vonbrigði Sigfúsar urðu mikil. Hvar sem hann bar niður sá hann að mikið vantaði upp á að gagn yrði að bókinni. Honum varð ljóst að til þess að unnt yrði að semja litla en þó nokkuð fullnægjandi orðabók yrði fyrst að vera til grunnur fyrir slíka bók, þ.e. stór og ítarleg orðabók. Þau hjón ákváðu því að halda áfram að safna og nú meira úr orðaforða samtímans, bæði úr talmáli og rituðu máli. Fjarráð voru lítil og tími af skornum skammti þannig að velja þurfti af kostgæfni það sem orðtekið skyldi. Næstu þrjú árin unnu þau að orðtöku fyrir danskan styrk frá menntamálaráðuneytinu. Í fyrsta sæti settu þau íslenskar sagnir, ævintýri, þjóðlegan fróðleik og þjóðhætti. Ekki kemur fram hvaða rit voru lesin í þessari lotu en helstu verk í þeim flokki virðast hafa verið lesin þegar orðtöku lauk, alls vel á annan tug rita, þar á meðal fyrstu tvö bindi þjóðsagna Sigfúsar Sigfússonar frá 1922 og 1923 eftir að hluti orðabókarinnar var þegar tilbúinn og útgefinn. Í annað sæti settu þau skáldsögur og leikrit og voru rit af því tagi, rúmlega sjö tugir, orðtekin allt til þess að bókin fór í prentun. Þá töldu þau mikilvægt að orðtaka blöð og tímarit og var í fyrstu lögð áhersla á að lesa *Eimreiðina* þar sem hún væri rík af alhliða efni. Þegar orðtöku lauk hafði verið farið yfir 45 blöð og tímarit. Einnig var farið yfir allmarga árganga *Stjórnartíðinda* og *Alþingistíðinda*.

Lítið var orðtekið til viðbótar úr öðrum efnisflokkum á árunum 1908–1911 nema helst ljóðum og segir Sigfús þó að aðeins hafi verið valdir þekktustu höfundar 19. aldar, þeir Bjarni Thorarensen, Jónas Hallgrímsson, Grímur Thomsen og Bólu-Hjálmar (sá síðasti mest vegna alþýðlegs orðfæris) en auk þeirra yngri höfundarnir Matthías Jochumsson og Stephan G. Stephansson. Ástæða þessa var að hans sögn að líklegt þótti að *Lexicon poëticum* Sveinbjarnar Egilssonar nægði að mestu sem handbók til þess að skilja skáldamálið í heild en önnur ný kveðskaparorð einkenndu fyrst og fremst einstaka höfunda. Ekki var þó þessari stefnu fylgt strangt eftir. Af 32 titlum ljóða- og sálmabóka (í sumum tilvikum er um fleiri en eitt bindi að ræða) eru 20 eftir 20. aldar höfunda og ljóðabækur orðteknar blautar úr prentsmiðjunni ef svo mætti að orði komast. Sem dæmi mætti nefna ljóðabækur Einars Benediktssonar en hin síðasta þeirra sem orðteknar voru kom út 1921. Annað dæmi er ljóðabókin *Kyljur* eftir Jakob Thorarensen en hún kom út

1922, sama ár og fyrra bindi orðabókarinnar. Á heimildalistanum má einnig finna ljóð eldri höfunda svo sem Stefáns Ólafssonar, Hallgríms Péturssonar og Eggerts Ólafssonar.

Þegar annarri lotu orðabókarverksins lauk var komið fram á árið 1911. Seðlasafnið hafði vaxið verulega og Sigfús taldi að hann væri kominn með nothæft handrit að orðabók. Þó var honum ljóst að á einu sviði var nánast allt óunnið en það var að safna orðum úr talmáli sem hann lagði nú mikið kapp á. Víða í formálanum kemur hann að mikilvægi talmálsorðaforðans í orðabók yfir samtímamálið og góða hjálp fékk hann frá þeim Birni M. Ólsen og Þórbergi Þórðarsyni. Ég mun ekki ræða þann þátt nánar þar sem Gunnlaugur Ingólfsson ritar um talmálið í Blöndalsbók í þessu hefti.

4 Þriðja lota

En orðasöfnun úr rituðum heimildum var enn haldið áfram næstu átta árin eða fram til 1919 að handritið var að sögn Bjargar nokkurn veginn tilbúið. Hún skrifaði í greinargerð til Alþingis árið 1928 (bls. 2):

Þarf jeg eigi að fjölyrða um, hvílíkt starf það var að orðtaka hin fjölmörgu rit, er sjálfsagt var að færa sjer í nyt. Hefir Sigfús Blöndal aðeins lauslega drepíð á starf þetta í formála bókarinnar. En heimildaskráin talar sínu máli, og eru þar talin nær 500 rit. — Hafa og margir átt hjer hlut að máli, sem nærri má geta. Varð handritið alls nær 200,000 seðlum með tilvitnunum og skýringum.

Ekki ber okkur Björgu saman um fjölda rita í heimildaskrá. Ég tel titla vera 399 og hlýtur hún því að vera að tala um bindi en ekki einstök ritverk þegar hún nefnir töluna um 500. Fróðlegt er að líta yfir listann yfir orðtekin rit fremst í bókinni og skoða hvernig þau dreifast milli tímabila og efnisflokka. Einnig er athyglisvert að bera þann lista saman við frásögn Sigfúsar sjálfs af orðtökunni.

Aldir	Fjöldi
Eldri en 16. öld	5
16. öld	1
17. öld	2
18. öld	24
19. öld	185
20. öld	182
Alls	399

Tafla 2: Aldursdreifing heimilda

Fram kemur í formála að aðeins hafi verið tekið tillit til fáeinna meginrita frá 15. öld og til loka 18. aldar. Í ritaskrá eru þó taldar Fornmannasögur, Fornsögur Suðurlanda,

Heilagra manna sögur og Íslensk fornkvæði sem hafa að geyma efni sem eldra er en frá 15. öld. Af 16. aldar bókum virðist *Nýja testamenti* Odds Gottskálkssonar frá 1540 vera eina ritið sem efni hefur verið sótt til og af 17. aldar ritum *Píslarsaga* Jóns Magnússonar sem Sigfús gaf út sjálfur 1912–14, og *Fimmtú heilagar hugvekjur* Gerharðts í þýðingu Þorláks Skúlasonar biskups en þær voru gefnar út á Hólum 1624.

Töluvert meira var orðtekið af 18. aldar ritum eða alls 24 titlar. Fyrirferðarmest eru rit Lærdómslistafélagsins og eldri rit Magnúsar Stephensens en auk þeirra má nefna Vídalínspostillu, kirkjusögu Finns Jónssonar, Waysenhúsbiblíu, hugvekjur Sturms og Kvöldvökur Hannesar Finnssonar.

Þá segir Sigfús að nokkur óprentuð orðasöfn hafi verið nýtt til dæmasöfnunar, einkum orðasafn Hallgríms Scheving kennara í Bessastaðaskóla (Lbs 220 8vo). Ef lítið er á þau óprentuðu handrit sem skráð eru í heimildaskrá kemur í ljós að flest þeirra eru runnin frá uppskriftum Schevings. Þar má nefna ritreglur Eggerts Ólafssonar, Hrana sögu Egilssonar, Asnabálk Jóns Magnússonar í Laufási, Josephs sögu, Líkafróns sögu, málsháttabók, Skarakárasögu og að lokum orðaregistur Páls Þorbergssonar og orðabókarhandrit Schevings sjálfs. Þá eru nefnd tvö handrit skrifuð af Rasmusi Rask, þar af er annað íslenskt-latneskt orðasafn eignað Sveini Pálssyni lækni. Engin önnur orðabókahandrit eru nefnd þótt Sigfús geti þess að hann hafi haft tækifæri til þess að skoða slík handrit á Landsbókasafni. Hann tekur fram að orðabókarhandrit Jóns Ólafssonar úr Grunnavík frá 18. öld hafi lítið sem ekkert verið notað nema þar sem vísað var til þess hjá Ólafi Davíðssyni eða Þorvaldi Thoroddsen.

Lítið var orðtekið af guðsorði og er gerð grein fyrir því í formála. Svo virðist sem Blöndal hafi talið að lítið væri þangað að sækja, ef marka má formálann, þar sem bókmenntalegt stórvirki geti verið orðabókarhöfundi gagnslítið í söfnun sjaldgæfra og áhugaverðra orða en hrákasmíði, sem alls ekki geti talist til bókmennta, geti á hinn bóginn aflað honum dæma sem hafi mikið mállegt gildi. Í heimildaskrá eru skráðar Waysenhúsbiblía, eins og áður getur, og biblían frá 1908, heiðna biblían. Það kemur á óvart að ekkert hafi verið sótt til Viðeyjarbiblíu frá 1841 og ekkert til biblíunnar frá 1866 sem var þó sú biblían sem Sigfús hefur líklegast alist upp við og var í notkun í kirkjum landsins þegar þau Björg hófu verk sitt.

5 Niðurlag

Lengra verður ekki farið í umfjöllun um orðtekin rit. Af því sem fram hefur komið má sjá að orðasöfnun var mun víðtækari en svo að hún beindist að samtímamálinu eingöngu. Sigfús og samstarfsmenn hans hafa reynt að brúa bilið milli þess og forna málsins með orðtöku úr meginritum aldanna sem þar lágu á milli. Engin orðtökuáætlun hefur varðveist svo vitað sé en af þeim þremur lotum sem ég hef nefnt, þ.e. 1903–1908, 1908–1911 og 1911–1919, virðist sem tímaskortur og fjárhagsörðugleikar hafi að nokkru ráðið því hvað og hversu mikið var lesið. Orðtöku var þó haldið áfram allt til 1923, ef marka má heimildaskrá, og fram kemur í formála og eins í skýrslu Bjargar, að miklu efni var bætt í próförk alveg fram á síðustu stundu. Ekki voru allir sáttir við valið eins og alltaf má búast við. Jóhannes L. L. Jóhannsson taldi í ritdómi í *Skírni* miðmálið

hafa orðið útundan og saknar þess að sum ritverk, þar sem góðra orða sé að vænta, hafi ekki verið orðtekin en aftur á móti hafi verið „vandlega orðtekin og hirt öll leið torfyrði úr ritum Stepháns G. Stephánssonar. ... Sá maður er stundum ekki til eftirbreytni um orðbragð“ (1925:224). Prófessor Paul Herrmann í Berlín telur aftur á móti að Blöndal hafi tekið rétta ákvörðun um að sleppa að mestu orðaforða 15.–18. aldar. Þar með hafi hann sloppið við um 30.000 flettur að sínu mati (1922:1000). Sitt sýnist hverjum en öllum erum við líklegast sammála um að Blöndalsbók hefur reynst okkur afar gagnleg og að hún var stórvirki á sínum tíma.